



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2021

TRÉS1SX05

Trésmíði val
Kennsluáætlun

Kennari:	Lárus Gestsson	Sk.st.	LG
Kennari:	Óskar G. Jónsson	Sk.st.	OGJ

Áfangalýsing:

Markmið áfangans er að nemendur:

- Fræðist um tré og eiginleika þess sem smíðaefnis
- Hljóti þjálfun í beitingu handverkfæra
- Fá tilfinningu fyrir eigin getu
- Fá innsýn í notkun á algengustu trésmíðavélum og tækjum
- Tileinki sér öll þau öryggisatriði sem brýnust eru í smíðastofunni
- Fræðist um algengustu samsetningar í trésmíði
- Kynnist öðrum efnum sem notuð eru til smíða, viðhalds og viðgerða (límum, olíum, fúavarnarefnum, lökkum o.fl.)
- Tileinki sér virðingu fyrir umhverfi sínu og þeim sem unnið er með

Verkefni

- Verkefni geta að hluta til verið bundin, en að öðru leiti frjáls innan þeirra marka sem kennari leiðbeinir með. Ekki er hægt að ákveða fyrir fram hvernig þessu er háttáð, það ræðst eftir fyrstu tímana á hverri önn hvernig þessu verður best háttáð.
- Nemendur greiða efnisgjald, **kr. 7.000,-** fyrir áætlað efni sem notað er í verkefnin, sé um umframefni að ræða borgast það sérstaklega. Greiða skal á skrifstofu skólans sem allra fyrst og eigi síðar en 15. febrúar.

Verkefnaskil

- Sett eru tímamörk á einstök verkefni sé ástæða til, en annars er farið eftir getu hvers og eins.

Námsmat

- Ástundun, áhugi og virðing fyrir umhverfinu og þeim sem unnið er með eru metin jafnóðum, smíðamunir eru metnir að smíði lokinni.
- Mætingareglur skólans gilda um lágmarks tímasókn.

Námsefni-hugmyndir:

- Bækur, ljósrit, efni hjá kennara, hugmyndir nemenda, Pinterest o.fl.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar og þróunar Covid 19.

